

# **Greining á mögulegum hagsmunaárekstrum og samantekt á reglum sem varða hugsanlega hagsmunaárekstra tengda starfsemi Eftirlaunasjóðs FÍA.**

## **I. kafli. Markmið**

### **1. gr.**

Eftirlaunasjóður FÍA (hér eftir einnig nefndur „lífeyrissjóðurinn“ eða „sjóðurinn“) leggur áherslu á að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi lífeyrissjóðsins og komið sé í veg fyrir að hagsmunaárekstrar tengdir starfsemi lífeyrissjóðsins skaði hagsmuni sjóðsins og sjóðfélaga hans. Jafnframt er lögð áhersla á að draga úr hættu á að aðilar sem hafa skyldum að gegna við rekstur lífeyrissjóðsins tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála. Ávallt skal gæta að lögum og reglum sem gilda um starfsemi sjóðsins.

Í samantekt þessari er að finna greiningu á mögulegum hagsmunaárekstrum og ýmsar ráðstafanir því tengt. Þá er meðal annars gerð grein fyrir helstu reglum í regluverki lífeyrissjóðsins sem eru í gildi og varða mögulega hagsmunaárekstra tengda starfsemi sjóðsins. Jafnframt er að finna tilvísanir þar að lútandi. Leitast skal við að uppfæra samantekt þessa eftir því sem breytingar verða á reglum sjóðsins sem tengjast samantektinni þannig að hún veiti yfirsýn eins og kostur er þrátt fyrir að ekki sé um tæmandi yfirlit eða umfjöllun að ræða.

## **II. kafli. Rekstur Eftirlaunasjóðs FÍA**

### **2. gr.**

Rekstur sjóðsins er í höndum Arion banka hf. (hér einnig nefndur „bankinn“ eða „rekstraraðili“) samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins hefur gert við Arion banka hf. Reglur rekstraraðila varðandi hagsmunaárekstra, þ. á m. um viðskipti starfsmanna, þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri og gjafir og skemmtanir gilda um starfsmenn rekstraraðila sem starfa í þágu lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn hefur hins vegar sett starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins sem er starfsmaður rekstraraðila. Jafnframt kann að vera að í öðrum reglum lífeyrissjóðsins sé sérstaklega kveðið á um tiltekna starfsmenn rekstraraðila.

## **III. kafli. Greining á mögulegum hagsmunaárekstrum o.fl.**

### **Skilgreiningar og mögulegir hagsmunaárekstrar**

#### **3. gr.**

Með hugtakinu „hagsmunaárekstrar“ í samantekt þessari er átt við þær aðstæður sem upp geta komið þegar hagsmunir tveggja eða fleiri aðila, tengt starfsemi sjóðsins, fara ekki saman.

Sem dæmi um aðstæður þar sem hagsmunaárekstrar geta komið upp má nefna þegar:

- Hagsmunir rekstraraðila og lífeyrissjóðsins fara ekki saman. Að mati sjóðsins kunna slíkar sér í lagi að koma upp, þegar fyrir sjóðnum liggja tillögur um fjárfestingar sem með beinum eða óbeinum hætti tengjast rekstraraðila. Þarf því að viðhafa sérstaka aðgát við mat stjórnar við þær aðstæður.
- Að auki felst í því fyrirkomulagi sem viðhaft er á rekstri sjóðsins, að umsýsla sjóðfélagalána er að hluta í höndum starfsmanna rekstraraðila, sem samhliða veita sambærilega þjónustu fyrir hönd rekstraraðila.

*Handwritten notes:*  
BANKI  
KRE OF  
STO

- Jafnframt er öðrum mikilvægum þáttum sem lúta að rekstri lífeyrissjóðsins, á borð við lögbundin verkefni sem lúta að innri endurskoðun, útvistað til rekstraraðila.
- Framangreindir þættir gefa sérstaka ástæður til að gaumgæfa vel hugsanlega hagsmunaárekstra sem af geta hlotist vegna þess rekstrarfyrirkomulags sem viðhaft er hjá sjóðnum.
- Hagsmunir einstakra sjóðfélaga fara ekki saman.
- Stjórnarmaður lífeyrissjóðsins eða starfsmaður rekstraraðila hefur hagsmuna að gæta tengt viðskiptum lífeyrissjóðsins.
- Stjórnarmaður lífeyrissjóðsins eða starfsmaður rekstraraðila þykir líklegur til þess að njóta fjárhagslegs ávinnings (eða komast hjá tapi) á kostnað lífeyrissjóðsins, og þar með sjóðfélaga hans.
- Stjórnarmaður lífeyrissjóðsins eða starfsmaður rekstraraðila þiggur umtalsverðar gjafir eða afþreyingu sem gæti talist fara gegn hagsmunum lífeyrissjóðsins og sjóðfélaga hans.
- Óvissa er uppi um hvort rekstraraðili eða lífeyrissjóðurinn skuli bera kostnað tiltekinna ráðstafana rekstraraðila fyrir hönd lífeyrissjóðsins.

### Ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra

#### 4. gr.

Til þess að stuðla að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar tengdir starfsemi lífeyrissjóðsins skaði hagsmuni sjóðsins og sjóðfélaga hans og jafnframt að draga úr hættu á að aðilar sem hafa skyldum að gegna við rekstur lífeyrissjóðsins tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála, hafa m.a. eftirfarandi ráðstafanir verið gerðar:

- Hjá rekstraraðila eru til staðar reglur sem varða hagsmunaárekstra. Reglunum er ætlað að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og að verja hagsmuni lífeyrissjóðsins. Í því felst að rekstraraðili grípi til allra viðeigandi ráðstafana til að greina og stýra hagsmunaárekstrum og til að fyrirbyggja að slíkir árekstrar skaði hagsmuni sjóðsins.
- Í fjárfestingarstefnu, sem stjórn sjóðsins hefur sett sér, er sérstaklega vikið að fjárfestingum þar sem rekstraraðili og/eða aðilar honum tengdum eru haghafar að fjárfestingunni, þar sem eftir atvikum er gert ráð fyrir að stjórn meti sérstaklega hvort og á hvaða hátt skuli óskað eftir utanaðkomandi mati á fjárfestingunni.
- Mánaðarlega skal rekstraraðili veita stjórn lífeyrissjóðsins yfirlit yfir viðskipti í verðbréfum og sjóðum tengdum rekstraraðila. Ennfremur skal rekstraraðili við sama tækifæri veita stjórn yfirlit yfir viðskipti sem fara fram við miðlanir.
- Stjórn sjóðsins hefur sett verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna sem miða að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi sjóðsins.
- Stjórn sjóðsins hefur sett sér starfsreglur sem m.a. miða að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- Stjórn sjóðsins hefur sett starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins þar sem m.a. er tekið á hagsmunaárekstrum.
- Stjórn sjóðsins mótar eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins meðal annars með því að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta ferla. Hlutverk stjórnar er jafnframt að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja starfsemi sjóðsins, ásamt því að setja þeim ásættanleg mörk. Í samræmi við það mótar stjórn fjárfestingarstefnu og áhættustefnu sem lagðar eru til grundvallar við eignastýringu sjóðsins.
- Þessu til viðbótar tekur áhættustýring lífeyrissjóðsins virkan þátt í mótun áhættustýringarstefnu lífeyrissjóðsins, hefur aðkomu að viðameiri ákvörðunum um

áhættustýringu og er enn fremur gert viðvart um öll meiriháttar eða óvenjuleg viðskipti lífeyrissjóðs áður en þau fara fram.

- Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á starfssviði áhættustýringar, mótar og hefur umsjón með áhættustýringarstefnu sjóðsins. Ábyrgðaraðili áhættustýringar heyrir undir framkvæmdastjóra áhættustýringar rekstraraðila og hefur milliliðalausán aðgang að stjórn lífeyrissjóðsins. Þannig er aðgreining þeirra er greina, mæla og gefa skýrslu um áhættu í starfsemi sjóðsins annars vegar og hins vegar þeirra sem taka áhættu með ákvörðunum sínum tryggt.
- Kveðið er á um skiptingu kostnaðar við rekstur lífeyrissjóðsins í samningi lífeyrissjóðsins við rekstraraðila um rekstur og eignastýringu.

#### **IV. kafli. Samantekt á helstu reglum Eftirlaunasjóðs FÍA sem varða hagsmunaárekstra**

##### **5. gr.**

Víða í regluverki lífeyrissjóðsins er að finna ákvæði þar sem tekið er á hagsmunaárekstrum, s.s. í starfsreglum stjórnar, í starfsreglum fyrir framkvæmdastjóra og í verklagsreglum um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Í þessum kafla er að finna helstu ákvæði í regluverki sjóðsins sem varða hagsmunaárekstra.

##### **Góðir starfshættir**

##### **6. gr.**

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sjóðsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlíðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins. (*Sbr. starfsreglur stjórnar og starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins*).

##### **Störf utan lífeyrissjóðsins**

##### **7. gr.**

Stjórnarmenn lífeyrissjóðsins mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánnum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánnum tengslum við hann. Stjórnarmenn mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annan lífeyrissjóð. (*Sbr. starfsreglur stjórnar og 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða*).

Framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar lífeyrissjóðsins. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess. (*Sbr. starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins*).

Framkvæmdastjóri sjóðsins skal ekki sitja í stjórn atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó hvorki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins né heldur áhættufjármagnsfyrirtæki sem sjóðurinn á hlut í. (*Sbr. starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins*).

##### **Vanhæfi**

##### **8. gr.**

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð mála sem varða sjóðinn og þá persónulega. Skyld er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik. (*Sbr. starfsreglur stjórnar*).

Stjórnarmenn skulu í upphafi hvers starfsárs, á stjórnarfundi, gera meðstjórnarmönnum sínum grein fyrir helstu störfum sínum og tengslum utan stjórnar sem hugsanlega gætu valdið vanhæfi viðkomandi við umfjöllun og afgreiðslu einstakra mála í stjórninni. Sama gildir um varamenn á fyrsta stjórnarfundi sínum. (*Sbr. starfsreglur stjórnar*).

Stjórnarmaður skal tilkynna stjórninni fyrirfram ef aðstæður eru fyrir hendi í máli sem valda vanhæfi eða gætu gefið tilefni til efasemda um hæfi hans. Stjórnin tekur í kjölfarið ákvörðun um hvort viðkomandi stjórnarmaður skuli víkja sæti á meðan á meðferð málsins stendur. Stjórnarmaðurinn sem efasemdir um hæfi varðar tekur ekki þátt í umræðu eða ákvörðun þar um. (*Sbr. starfsreglur stjórnar*).

Um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnarsýslulaga. (*Sbr. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða*).

### **Gjafir og boðsferðir**

#### **9. gr.**

Stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir af innlendum og erlendum þjónustuaðilum eða öðrum viðskiptavinum sjóðsins. Boðsferðir eru til að mynda skemmtiferðir hverskonar, s.s. veiðiferðir og golfferðir. Stjórnarmönnum og starfsmönnum er þó heimilt að fara í kynnisferð einu sinni á ári í boði rekstraraðila sjóðsins sem er til þess fallin að afla upplýsinga eða þekkingar sem að gagni koma við rekstur og eignastýringu sjóðsins og gera þannig stjórnarmenn hæfari til að sinna starfi sínu. (*Sbr. samskipta- og siðareglur sjóðsins*).

Stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja gjafir af þjónustuaðilum og viðskiptavinum lífeyrissjóðsins. Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum. (*Sbr. samskipta- og siðareglur sjóðsins*).

### **Verðbréfavíðskipti**

#### **10. gr.**

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna samkvæmt 5. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997. Þær taka, eftir því sem við getur átt, til lífeyrissjóðsins, stjórnarmanna og þeirra starfsmanna hans og rekstraraðila sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd viðskipta sjóðsins með fjármálagerninga með einhverjum hætti, svo og fjölskyldna þeirra. Samkvæmt reglunum skulu víðskipti starfsmanna rekstraraðila sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd viðskipta sjóðsins með fjármálagerninga með einhverjum hætti hlíta verklagsreglum rekstraraðila að því leyti sem þær reglur eru sambærilegar eða strangari.

Stjórn sjóðsins gerir samning við rekstraraðila varðandi aðgengi að upplýsingum tengdum reglum þessum og upplýsingagjöf regluvarðar til stjórnar sjóðsins varðandi eftirlit af hálfu rekstraraðila með verðbréfavíðskiptum þeirra starfsmanna bankans sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd viðskipta sjóðsins með fjármálagerninga.

Árlega skulu stjórnarmenn láta regluvörð rekstraraðila hafa umboð til að sækja yfirlit yfir verðbréfavíðskipti stjórnarmanna, fjölskyldu hans eða félags sem hann eða fjölskylda hans á ráðandi hlut í hjá Verðbréfasráningu Íslands. Regluvörður fer yfir hvort að öll

*Boð*  
*og* *kl* *OF*  
*510*

tilkynningarskyld viðskipti hafi verið tilkynnt á stjórnarfundum og kynnir niðurstöður fyrir stjórn.

Vísað er til reglnanna í heild en þeim er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi lífeyrissjóðsins og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

### **Þagnarskylda og meðferð trúnaðarupplýsinga**

#### **11. gr.**

Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, starfsmanna, sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls eða ákvörðun stjórnarinnar. Stjórnarmaður er ábyrgur fyrir því að gögn, sem hann hefur tekið við og fara skuli leynt, komist ekki í hendur annarra aðila. Þagnarskylda helst þó stjórnarmaður láti af starfi. (*Sbr. starfsreglur stjórnar*).

Framkvæmdastjóri er bundinn þagnarskyldu um allt það sem hann fær vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. (*Sbr. starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins*).

Í verklagsreglum lífeyrissjóðsins um verðbréfavíðskipti er jafnframt kveðið á um þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga.

Þannig samþykkt  
á fundi stjórnar Eftirlaunasjóðs FÍA  
22. júní 2018

Þurda Ómarsson

Kristín Þórunn Ólafsson

Ol. W. Þamisson

G. Þóris

Boj. / Boj. 0507

# **Greining á mögulegum hagsmunaárekstrum og samantekt á reglum sem varða hugsanlega hagsmunaárekstra tengda starfsemi Eftirlaunasjóðs FÍA.**

## **I. kafli. Markmið**

### **1. gr.**

Eftirlaunasjóður FÍA (hér eftir einnig nefndur „lífeyrissjóðurinn“ eða „sjóðurinn“) leggur áherslu á að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi lífeyrissjóðsins og komið sé í veg fyrir að hagsmunaárekstrar tengdir starfsemi lífeyrissjóðsins skaði hagsmuni sjóðsins og sjóðfélaga hans. Jafnframt er lögð áhersla á að draga úr hættu á að aðilar sem hafa skyldum að gegna við rekstur lífeyrissjóðsins tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála. Ávallt skal gæta að lögum og reglum sem gilda um starfsemi sjóðsins.

Í samantekt þessari er að finna greiningu á mögulegum hagsmunaárekstrum og ýmsar ráðstafanir því tengt. Þá er meðal annars gerð grein fyrir helstu reglum í regluverki lífeyrissjóðsins sem eru í gildi og varða mögulega hagsmunaárekstra tengda starfsemi sjóðsins. Jafnframt er að finna tilvísanir þar að lútandi. Leitast skal við að uppfæra samantekt þessa eftir því sem breytingar verða á reglum sjóðsins sem tengjast samantektinni þannig að hún veiti yfirsýn eins og kostur er þrátt fyrir að ekki sé um tæmandi yfirlit eða umfjöllun að ræða.

## **II. kafli. Rekstur Eftirlaunasjóðs FÍA**

### **2. gr.**

Rekstur sjóðsins er í höndum Arion banka hf. (hér einnig nefndur „bankinn“ eða „rekstraraðili“) samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins hefur gert við Arion banka hf. Reglur rekstraraðila varðandi hagsmunaárekstra, þ. á m. um viðskipti starfsmanna, þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri og gjafir og skemmtanir gilda um starfsmenn rekstraraðila sem starfa í þágu lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn hefur hins vegar sett starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins sem er starfsmaður rekstraraðila. Jafnframt kann að vera að í öðrum reglum lífeyrissjóðsins sé sérstaklega kveðið á um tiltekna starfsmenn rekstraraðila.

## **III. kafli. Greining á mögulegum hagsmunaárekstrum o.fl.**

### **Skilgreiningar og mögulegir hagsmunaárekstrar**

#### **3. gr.**

Með hugtakinu „hagsmunaárekstrar“ í samantekt þessari er átt við þær aðstæður sem upp geta komið þegar hagsmunir tveggja eða fleiri aðila, tengt starfsemi sjóðsins, fara ekki saman.

Sem dæmi um aðstæður þar sem hagsmunaárekstrar geta komið upp má nefna þegar:

- Hagsmunir rekstraraðila og lífeyrissjóðsins fara ekki saman. Að mati sjóðsins kunna slíkar sér í lagi að koma upp, þegar fyrir sjóðnum liggja tillögur um fjárfestingar sem með beinum eða óbeinum hætti tengjast rekstraraðila. Þarf því að viðhafa sérstaka aðgát við mat stjórnar við þær aðstæður.
- Að auki felst í því fyrirkomulagi sem viðhaft er á rekstri sjóðsins, að umsýsla sjóðfélagalána er að hluta í höndum starfsmanna rekstraraðila, sem samhliða veita sambærilega þjónustu fyrir hönd rekstraraðila.

- Jafnframt er öðrum mikilvægum þáttum sem lúta að rekstri lífeyrissjóðsins, á borð við lögbundin verkefni sem lúta að innri endurskoðun, útvistað til rekstraraðila.
- Framangreindir þættir gefa sérstaka ástæður til að gaumgæfa vel hugsanlega hagsmunaárekstra sem af geta hlotist vegna þess rekstrarfyrirkomulags sem viðhaft er hjá sjóðnum.
- Hagsmunir einstakra sjóðfélaga fara ekki saman.
- Stjórnarmaður lífeyrissjóðsins eða starfsmaður rekstraraðila hefur hagsmuna að gæta tengt viðskiptum lífeyrissjóðsins.
- Stjórnarmaður lífeyrissjóðsins eða starfsmaður rekstraraðila þykir líklegur til þess að njóta fjárhagslegs ávinnings (eða komast hjá tapi) á kostnað lífeyrissjóðsins, og þar með sjóðfélaga hans.
- Stjórnarmaður lífeyrissjóðsins eða starfsmaður rekstraraðila þiggur umtalsverðar gjafir eða afþreyingu sem gæti talist fara gegn hagsmunum lífeyrissjóðsins og sjóðfélaga hans.
- Óvissa er uppi um hvort rekstraraðili eða lífeyrissjóðurinn skuli bera kostnað tiltekinna ráðstafana rekstraraðila fyrir hönd lífeyrissjóðsins.

### Ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra

#### 4. gr.

Til þess að stuðla að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar tengdir starfsemi lífeyrissjóðsins skaði hagsmuni sjóðsins og sjóðfélaga hans og jafnframt að draga úr hættu á að aðilar sem hafa skyldum að gegna við rekstur lífeyrissjóðsins tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála, hafa m.a. eftirfarandi ráðstafanir verið gerðar:

- Hjá rekstraraðila eru til staðar reglur sem varða hagsmunaárekstra. Reglunum er ætlað að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og að verja hagsmuni lífeyrissjóðsins. Í því felst að rekstraraðili grípi til allra viðeigandi ráðstafana til að greina og stýra hagsmunaárekstrum og til að fyrirbyggja að slíkir árekstrar skaði hagsmuni sjóðsins.
- Í fjárfestingarstefnu, sem stjórn sjóðsins hefur sett sér, er sérstaklega vikið að fjárfestingum þar sem rekstraraðili og/eða aðilar honum tengdum eru haghafar að fjárfestingunni, þar sem eftir atvikum er gert ráð fyrir að stjórn meti sérstaklega hvort og á hvaða hátt skuli óskað eftir utanaðkomandi mati á fjárfestingunni.
- Mánaðarlega skal rekstraraðili veita stjórn lífeyrissjóðsins yfirlit yfir viðskipti í verðbréfum og sjóðum tengdum rekstraraðila. Ennfremur skal rekstraraðili við sama tækifæri veita stjórn yfirlit yfir viðskipti sem fara fram við miðlanir.
- Stjórn sjóðsins hefur sett verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna sem miða að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi sjóðsins.
- Stjórn sjóðsins hefur sett sér starfsreglur sem m.a. miða að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- Stjórn sjóðsins hefur sett starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins þar sem m.a. er tekið á hagsmunaárekstrum.
- Stjórn sjóðsins mótar eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins meðal annars með því að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta ferla. Hlutverk stjórnar er jafnframt að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja starfsemi sjóðsins, ásamt því að setja þeim ásættanleg mörk. Í samræmi við það mótar stjórn fjárfestingarstefnu og áhættustefnu sem lagðar eru til grundvallar við eignastýringu sjóðsins.
- Þessu til viðbótar tekur áhættustýring lífeyrissjóðsins virkan þátt í mótun áhættustýringarstefnu lífeyrissjóðsins, hefur aðkomu að viðameiri ákvörðunum um

áhættustýringu og er ennfremur gert viðvart um öll meiriháttar eða óvenjuleg viðskipti lífeyrissjóðs áður en þau fara fram.

- Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á starfssviði áhættustýringar, mótar og hefur umsjón með áhættustýringarstefnu sjóðsins. Ábyrgðaraðili áhættustýringar heyrir undir framkvæmdastjóra áhættustýringar rekstraraðila og hefur milliliðalausán aðgang að stjórn lífeyrissjóðsins. Þannig er aðgreining þeirra er greina, mæla og gefa skýrslu um áhættu í starfsemi sjóðsins annars vegar og hins vegar þeirra sem taka áhættu með ákvörðunum sínum tryggt.
- Kveðið er á um skiptingu kostnaðar við rekstur lífeyrissjóðsins í samningi lífeyrissjóðsins við rekstraraðila um rekstur og eignastýringu.

#### **IV. kafli. Samantekt á helstu reglum Eftirlaunasjóðs FÍA sem varða hagsmunaárekstra**

##### **5. gr.**

Víða í regluverki lífeyrissjóðsins er að finna ákvæði þar sem tekið er á hagsmunaárekstrum, s.s. í starfsreglum stjórnar, í starfsreglum fyrir framkvæmdastjóra og í verklagsreglum um verðbrefaviðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Í þessum kafla er að finna helstu ákvæði í regluverki sjóðsins sem varða hagsmunaárekstra.

##### **Góðir starfshættir**

##### **6. gr.**

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sjóðsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlíðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins. (*Sbr. starfsreglur stjórnar og starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins*).

##### **Störf utan lífeyrissjóðsins**

##### **7. gr.**

Stjórnarmenn lífeyrissjóðsins mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánnum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánnum tengslum við hann. Stjórnarmenn mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annan lífeyrissjóð. (*Sbr. starfsreglur stjórnar og 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða*).

Framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar lífeyrissjóðsins. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess. (*Sbr. starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins*).

Framkvæmdastjóri sjóðsins skal ekki sitja í stjórn atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó hvorki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins né heldur áhættufjármagnsfyrirtæki sem sjóðurinn á hlut í. (*Sbr. starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins*).

##### **Vanhæfi**

##### **8. gr.**

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð mála sem varða sjóðinn og þá persónulega. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik. (*Sbr. starfsreglur stjórnar*).

*Beinh*  
*KL* *STO*  
*OF*



Stjórnarmenn skulu í upphafi hvers starfsárs, á stjórnarfundum, gera meðstjórnarmönnum sínum grein fyrir helstu störfum sínum og tengslum utan stjórnar sem hugsanlega gætu valdið vanhæfi viðkomandi við umfjöllun og afgreiðslu einstakra mála í stjórninni. Sama gildir um varamenn á fyrsta stjórnarfundum sínum. (*Sbr. starfsreglur stjórnar*).

Stjórnarmaður skal tilkynna stjórninni fyrirfram ef aðstæður eru fyrir hendi í máli sem valda vanhæfi eða gætu gefið tilefni til efasemda um hæfi hans. Stjórnin tekur í kjölfarið ákvörðun um hvort viðkomandi stjórnarmaður skuli víkja sæti á meðan á meðferð málsins stendur. Stjórnarmaðurinn sem efasemdir um hæfi varðar tekur ekki þátt í umræðu eða ákvörðun þar um. (*Sbr. starfsreglur stjórnar*).

Um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga. (*Sbr. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða*).

### **Gjafir og boðsferðir**

#### **9. gr.**

Stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir af innlendum og erlendum þjónustuaðilum eða öðrum viðskiptavinum sjóðsins. Boðsferðir eru til að mynda skemmtiferðir hverskonar, s.s. veiðiferðir og golfferðir. Stjórnarmönnum og starfsmönnum er þó heimilt að fara í kynnisferð einu sinni á ári í boði rekstraraðila sjóðsins sem er til þess fallin að afla upplýsinga eða þekkingar sem að gagni koma við rekstur og eignastýringu sjóðsins og gera þannig stjórnarmenn hæfari til að sinna starfi sínu. (*Sbr. samskipta- og siðareglur sjóðsins*).

Stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja gjafir af þjónustuaðilum og viðskiptavinum lífeyrissjóðsins. Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum. (*Sbr. samskipta- og siðareglur sjóðsins*).

### **Verðbréfavíðskipti**

#### **10. gr.**

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna samkvæmt 5. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997. Þær taka, eftir því sem við getur átt, til lífeyrissjóðsins, stjórnarmanna og þeirra starfsmanna hans og rekstraraðila sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd víðskipta sjóðsins með fjármálagerninga með einhverjum hætti, svo og fjölskyldna þeirra. Samkvæmt reglunum skulu víðskipti starfsmanna rekstraraðila sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd víðskipta sjóðsins með fjármálagerninga með einhverjum hætti hlíta verklagsreglum rekstraraðila að því leyti sem þær reglur eru sambærilegar eða strangari.

Stjórn sjóðsins gerir samning við rekstraraðila varðandi aðgengi að upplýsingum tengdum reglum þessum og upplýsingagjöf regluvarðar til stjórnar sjóðsins varðandi eftirlit af hálfu rekstraraðila með verðbréfavíðskiptum þeirra starfsmanna bankans sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd víðskipta sjóðsins með fjármálagerninga.

Árlega skulu stjórnarmenn láta regluvörð rekstraraðila hafa umboð til að sækja yfirlit yfir verðbréfavíðskipti stjórnarmanna, fjölskyldu hans eða félags sem hann eða fjölskylda hans á ráðandi hlut í hjá Verðbréfasráningu Íslands. Regluvörður fer yfir hvort að öll

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including "B", "STO", and "E".*

tilkynningarskyld viðskipti hafi verið tilkynnt á stjórnarfundum og kynnir niðurstöður fyrir stjórn.

Vísað er til reglnanna í heild en þeim er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi lífeyrissjóðsins og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

### **Þagnarskylda og meðferð trúnaðarupplýsinga**

#### **11. gr.**

Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, starfsmanna, sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls eða ákvörðun stjórnarinnar. Stjórnarmaður er ábyrgur fyrir því að gögn, sem hann hefur tekið við og fara skuli leynt, komist ekki í hendur annarra aðila. Þagnarskylda helst þó stjórnarmaður láti af starfi. (*Sbr. starfsreglur stjórnar*).

Framkvæmdastjóri er bundinn þagnarskyldu um allt það sem hann fær vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. (*Sbr. starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra sjóðsins*).

Í verklagsreglum lífeyrissjóðsins um verðbréfiðskipti er jafnframt kveðið á um þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga.

Þannig samþykkt  
á fundi stjórnar Eftirlaunasjóðs FÍA  
22. júní 2018

Þuola Ómarsson

Kristín B. Eyrundóttir

Ólafur Finnsson

G. Haldrós

Boji - 3070107